



Ónæmisfræðideild Landspítala

Breytt beiðnablað fyrir frumurannsóknir

Reykjavík 2020

Kæri viðtakandi!

Við á ónæmisfræðideild LSH viljum vekja athygli á uppfærðri framsetningu á rafrænu beiðnablaði okkar, fyrir frumurannsóknir í cyberlab. Kemur þetta í kjölfar uppfærslu rannsóknafarils, sem kemur fram í skilmerkilegra beiðnablaði og markvissari framsetningu rannsóknarniðurstaðna. Þessi uppfærsla mun ekki hafa áhrif á kostnað þeirra rannsókna sem um ræðir í hvert sinn.

Beiðnablaðið er þrískipt:

- I. **Almenn deilitalning eítílfruma:** Þar eru fundin hlutföll og fjöldi CD4+ og CD8+ T fruma, B- og NK fruma (t.d. fyrir HIV).
Sérhæfð deilitalning og þroskamát: Auk deilitalningar er hlutfall eftirfarandi undirhópa eítílfruma metið:
 - Hlutfall óreyndra, “transitional” og reyndra B fruma.
 - Hlutfall og þrokastig mismunandi undirhópa T fruma.
 - Hlutfall ræstra T-verkfruma.**Greining hvítfruma í öðrum sýnum** - Ef um önnur sýni en blóðsýni er að ræða, getur það ráðist af magni sýnis, hvað er gert, en alltaf er reynt að greina ítarlega alla þá mismunandi flokka hvítfruma, sem mögulega geta verið til staðar.
- II. **Sérhæfð framhaldsrannsókn** er gerð þegar þörf er á (ef t.d. grunur er um illkynja sjúkdóm, við leit að sérstökum undirhópum hvítfruma, eða eftir mergskipti).
- III. **Virkniþróf hvítfruma:** Um þau gildir að meðhöndlun og tegund sýna, ásamt tímasetning sýnatöku skipta miklu máli. **Það þarf að hafa samband við deildina áður en sýni eru tekin til að tryggja að hægt sé að vinna þau.** Þessi próf geta stundum tekið lengri tíma í framkvæmd og úrvinnsla er oft flóknari og því getur svartími verið lengdur.

ATH! Ekki hefur fengist leyfi fyrir mönnun vaktar utan hefðbundins vinnutíma fyrir þessa þjónustu, þó er hægt í bráðatilvikum að sinna slíkum verkefnum. Því viljum við áréttta að sýni berist deildinni í síðasta lagi fyrir kl.14:00 á virkum dögum.

Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir

Inga Skaftadóttir, líffræðingur